

Ed.

62. Nefndarótt

um frumvarp til laga um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir dómi.

Frumvarp þetta hefir stjórnin lagt fyrir Alþingi, og háttv. efri deild fengið undirritaðri allsherjarnefnd það til athugunar, og hefir hún nú rætt það á nokkrum fundum.

Efni frumvarpsins er að lögákveða þóknun til manna, sem stefnt er til að bera vitni fyrir dómi, en hingað til hefir verið borgaraleg skylda hvers manns að gera það endurgjaldslaust.

Samskonar frumvarp hefir Alþingi haft til meðferðar fyrir mörgum árum, árið 1891. Var sú skoðun þá þegar ofan á í þinginu, að sanngjarnt væri að leysa menn undan þeirri skyldu, að vera endurgjaldslaust tafðir frá störfum sínum hvernig sem á stæði, og einnig þá með kostnaði og einhverju tjóni, og sómuleiðis náðist nokkurn veginn samkomulag um einstök atriði frumvarpsins. En þó fjell málið við 1 atkvæðis mun, að því er af umræðunum virðist, meðal annars eða aðallaga fyrir þá sök, að þar var að eins ætlast til, að þóknun væri greidd í opinberum málum, en ekki einkamálum. En í frv. því, er hjer liggur fyrir þinginu, er siglt hjá því skeri og ætlast til, að jafnt gangi yfir hvortveggja þau mál.

Nefndin lítur svo á, að í frv. þessu felist mjög svo eðlileg og sanngjörn rjettarbót. Það hefir reyndar verið haft á móti því að greiða slíka þóknun í einkamálum, að með því væri almenningi, og þá stundum fátækum mönnum, gert erfiðara að ná rjetti sínum, en á það eitt er ekki sanngjarnt að lita, heldur og á þá hlið, sem veit að þeim, er vitni á að bera, að engum sje skylt að verja til þess tíma, og ef til vill beinum kostnaði, endurgjaldslaust í annara þágu og stundum að þarfilitlu. Getur þar engu síður verið um fjelitle menn að ræða, sem einskis mega missa, og verður þá meira að meta þeirra hagsmuni. En sjálfsgat virðist, að dómari taki þennan kostnað með, er hann metur málskostnað þeim til handa, er vitnið leiddi, eins og ætlast er til, að kostnaðurinn sje afturkræfur í opinberum málum.

Að hinu mun nú vart neinn hallast, að láta greiða vitnaþóknun í opinberum málum einum, en ekki í einkamálum. Væri þar um beint misrjetti að ræða fyrir vitnin, og auk þess sanngirniskrafan líklega enn brýnni í einkamálum — hættara við, að þar sje vitnum beitt að þarfilitlu eða ófyrirsynju, er engu þarf til að kosta.

Vjer ráðum háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með fáeinum breytingum, sem mest eru að eins orðabreytingar, er oss þykir betur fara, en efnisbreyting að eins sú, að oss þykir rjettara að telja vegalengd, er vitni þarf að fara, ekki í mílútali, sem áður var, heldur í tugamáli því, sem lögboðið er, og jafnframt og einnig finst oss rjett, að lágmark vegalengdar, sem ferðakostnaður er greiddur fyrir, sje fært lítið eitt niður, úr $7\frac{1}{2}$ km. á landi í 5 km., og á sjó úr 3,7 km. í 2 km.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar eru þessar:

1. Við 1. gr. a. Á eftir »vitni« í 1. línu komi:
og
b. Í stað »aldrei« í 3. línu komi:
eigi.
2. — 2. — Greinin orðist svo:
Þurfi vitnið að fara 5 km. á landi eða 2 km. á sjó, ber því 50 aurar í ferðakostnað fyrir hverja farna 5 km. á landi eða 2 km. á sjó.

3. Við 3. gr. Í staðinn fyrir orðið »borgun« í 1. línu komi:
þóknun.
4. — 3. — Í staðinn fyrir »gegn endurgjaldi« til enda fyrri málsgreinar, komi:
og fer um endurgjald hennar sem um annan máls-
kostnað í þeim málum.
5. — 3. — Í staðinn fyrir »skal gjaldið vitnaleiðslunnar« í síðari
málsgrein komi:
greiðir sá gjaldið, er vitnaleiðslu krefst.
6. — 4. — Greinin orðist svo:
Vitnadómarinn ákveður þóknun vitna.

Allsherjarnefnd efri deildar, 12. júlí 1917.

Magnús Torfason,
formaður.

Kristinn Danielsson, H. Hafstein.
ritari.

Fjárveitinganefnd efri deildar hefir athugað fjárhagshlið stjórnarfrumvarps-
ins um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir dómi, og ekkert sjeð því, frá
þeirri hlið, til fyrirstöðu, að frumvarpið verði að lögum.

Fjárveitinganefnd efri deildar, 12. júlí 1917.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
skrifari.